

Heilbrigðis- og tryggingamálanefnd Alþingis
Össur Skarphéðinsson, formaður
Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Kópavogi 31. janúar 1997
35/97/PÞ/imv

Umsögn Læknafélags Íslands um frumvarp til sóttvarnarlaga

Læknafélag Íslands þakkar fyrir að fá framangreint frumvarp til umsagnar enn einu sinni.

Félagið telur að um löngu tímabæra lagasetningu sé að ræða og minnir á ályktun sem samþykkt var á aðalfundi LÍ 1994 á Húsavík þar sem varað var við vaxandi hættu á ýmsum illviðráðanlegum smitsjúkdómum og bent á að þörf væri á betra skipulagi í þessum málum til að tryggja hámarksöryggi íbúa landsins.

Í núverandi frumvarpi hefur ekki verið tekið tillit til meginathugasemda LÍ við frumvarpið sem lagt var fram haustið 1995. Stjórn LÍ telur því rétt að ítreka athugasemdir sínar auk minni háttar lagfæringa.

Um 1. grein. Upphaf 2. mgr. orðist þannig:

“Opinberar sóttvarnir eru þær ráðstafanir sem skal beita vegna hættulegra smitsjúkdóma á Íslandi:

1. þegar hætta er á að farsóttir berist til eða frá landinu.”

Rökstuðningur: Augljós galli í texta

Um 3. grein. 1. mgr. orðist þannig:


“Lög þessi fjalla um....almannaheill og/eða aðrar alvarlegar næmar sóttir á Íslandi og varnir gegn þeim”.

Um 5. grein. Við bætist nýr liður sem hljóði svo: "6. Að hafa faglega umsjón og ráðgjöf fyrir stjórnvöld og útlendingaeftirlit gagnvart þeim sem sækja um dvalar-, atvinnu- og/eða innflytjendaleyfi um heilbrigðisskoðun og vottorð vegna farsóttar og hættulegra sjúkdóma.”

Rökstuðningur: Lítið samræmi hefur verið um skipulag á þessum málum nema fyrir tilstuðlan barnadeildar Landspítalans að því er snertir börn. Hins vegar er mikið ófremdarástand í eftirliti með fullorðnum og dæmi um alvarlega smitsjúkdóma eins og berkla sem uppgötvast hafa mjög seint og í raun tímaspursmál hvenær alvarleg slys verða vegna þessa ástands. Útlendingaeftirlitið hefur óskað eftir aðstoð í þessum málum í þá átt sem hér er lagt til. Það styrkir mjög stöðu sóttvarnalækis að styrkri lagastoð sé rennt undir þetta verksvið hans.

Umsögn þessi er unnin í samvinnu við Atla Árnason.

Virðingarfyllt



Páll Þórðarson

framkv.stj.